



FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ 8. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2013 MÁNUDAGINN 30. DESEMBER KL.12.00

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi

Afgreiðsla leyfa er send á netföng nemenda hér í skólanum.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlök svo fremi sem skólasókn er að öðru leyti góð.

B. Önnur bréf: (sjá minnisblað)

1) Bréf vegna skólasóknar og ósk um áframhaldandi skólavist á vorönn 2014.

Alls bárust 53 bréf frá nemendum. 37 nemendur fengu samþykktu skólavist á næstu önn á samningi, 10 fengu samþykktu skólavist án samnings, 1 fékk samþykktu skólavist með skilyrðum og 5 nemendur fengu höfnun á skólavist á næstu önn.

2) Nemandi leggur fram læknisvottorð vegna veikinda á haustönn 2013. (sjá minnisblað)

Samþykkt að nemandi fái skólasóknareinkunn S.

3) Nemandi óskar eftir skólavist á haustönn 2014. (sjá minnisblað)

Skráð í INNU. Nemandi bent á að sækja um rafrænt í vor.

4) Nemandi óskar eftir að próf í SPÆ403 verði endurskoðað/metið aftur. (sjá minnisblað)

Vísað til aðstoðarskólameistara og kennslustjóra.

5) Nemandi óskar eftir að próf í STÆR3DH03 verði endurskoðað/metið aftur (sjá minnisblað)

Vísað til skólameistara og kennslustjóra

5) 4 nemendur sögðu sig frá námi í FG í lok haustannar 2013. (sjá minnisblað)

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Undirbúnings félagslífs á vorönn 2014 er langt kominn. Árið hefst með þátttöku í handboltamóti framhaldsskólanna og síðan tekur hver viðburðurinn við af öðrum. Gettu betur lið skólans keppir við lið ML 18.janúar. Stjórn NFFG er hvött til að skila inn dagskrá vorannar sem þá verður sett á heimasíðu skólans.

3. Önnur mál

- Nokkuð var rætt um þá þjónustu sem nemendum með greiningar stendur til boða.
- Ósk um endurnýjun litaprentara kom fram. Í máli skólameistara kom fram að niðurskurður á fjárframlögum til framhaldsskóla komi einhvers staðar niður og því miður eru ekki til peningar til að kaupa slíkan grip að svo stöddu.

Fundinn sátu:

Agnes Alda Magnúsdóttir forseti NFFG
Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari og fundarritari
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri
Kristinn Þorsteinsson skólameistari
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi
Sigurkarl Magnússon fulltrúi kennara
Snjólaug Bjarnadóttir áfangastjóri
Tinna Ösp Arnadóttir félagsmálafulltrúi
Unnur Símonardóttir námsráðgjafi